



FRÉTTABRÉF STEFS

DESEMBER 2021

Tekjuaukning af streymisveitum

Þrátt fyrir samdrátt í ákveðnum úthlutunarflokkum á milli ára vegna áhrifa COVID-19 (sjá nánar um úthlutanir ársins hér neðar), þá var árið ekki alslæmt. Tekjur frá streymisveitum hafa t.d. aukist til muna frá fyrri árum. Aukninguna má rekja til nýs samnings sem *Polaris Hub* gerði við streymisveitur á borð við Spotify fyrir hönd STEFs og fleiri frændfélaga. Samningurinn tryggir STEFi beinar greiðslur fyrir streymi íslenskrar tónlistar í allri Evrópu.

Einnig hafa tekjur meðilma STEFs verið að aukast í gegnum Apple Music. Af Evrópulöndunum má sjá að streymi á íslenskrari tónlist er mest í Þýskalandi og Bretlandi. Holland, Svíþjóð, Noregur og Danmörk koma svo í kjölfarið.

Nokkur heilræði varðandi stafræna dreifingu:

- Við mælum með að nota íslenska ISRC-kóða, sem fást hjá hljodrit.is, í stað þess að láta erlenda miðlara (e: aggregators) útvega kóðana. Slíkt getur hjálpað til við að finna íslensku verkin, ef verkin finnast ekki við samkeyrslu af einhverjum ástæðum.
- Á *Mínum síðum* (á www.stef.is) er hægt að færa inn ISRC-kóða þeirra hljóðrita sem til eru af viðkomandi verki.
- Höfundar fá ekki greitt fyrir tónlist sína á YouTube nema henni hafi fyrst verið dreift í gegnum fromlegan miðlara (e. aggregator). Ekki setja myndbönd þar inn á eigin rásir fyrr en gengið hefur verið frá dreifingunni í gegnum miðlarann fyrst.



Dagur íslenskrar tónlistar

Dagur íslenskrar tónlistar var haldinn hátíðlegur þann 1. desember. Í lðnó fór fram stutt hátíðarsamkoma af þessu tilefni, þar sem veittar voru viðurkenningar tileinkaðar deginum.

Heiðursverðlaunin í ár, *Litla fuglinn*, hlaut **Arnar Eggert Thoroddson** tónlistarfræðingur, blaðamaður og gagnrýnandi. Arnar Eggert er doktor í tónlistarfræðum og starfar meðal annars sem aðjúntkt við Háskóla Íslands, þar sem hann er umsjónarmaður grunnskólans í fjölmiðlafræðum.

Arnar Eggert hefur lifað og hrærst í heimi íslenskrar tónlistar frá unga aldri, hefur starfað sem blaðamaður um langt skeið og gagnrýnt íslenska tónlist jafnt í blöðum sem útvarpi. Arnar hefur í gegnum tíðina setið í fjölmörgum dómnefndum, til að mynda í tengslum við Músíktílaunir, Kraumsverðlaunin, Tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs og Íslensku tónlistarverðlaunin.

Nýsköpunarverðlaun ársins hlaut **Unnur Sara Eldjárn**. Hún hefur komið víða við þrátt fyrir ungan aldur, hefur gefið út tvær breiðskífur, haldið fjölmarga tónleika, starfað við tónmenntakennslu og nú upp á síðkastið staðið fyrir kennslu og deilt þekkingu sinni í markaðssetningu tónlistar á streymisveitum eins og Spotify.

Útflutningsverðlaun hlaut **Record in Iceland**, fyrir kynningarátak sem felst í því að hvetja tónlistarfólk um allan heim til hljóðritunar hér á landi.

Síðustu ár hafa verkefni sem þykja sýna íslensku tónlist sérstaka atfylgi fengið viðurkenningu á deginum. Viðurkenning sú nefnist *Glugginn* og féll nú í skaut **Græna hattisins** á Akureyri.

Þá voru afhent séstök hvatningarverðlaun, en þau hlaut verkefnið **Stelpur rokka!**, en það er rokkbúðir fyrir ungar stelpur, sem settar voru á laggirnar árið 2012 í því skyni að laga kynjahalla í íslensku tónlistarlífi.



Viðbrögð v. COVID-19

Í október birtist blaðgrein frá *Samráðshópi tónlistariðnaðarins* um endurreisn tónlistarlífs eftir COVID-faraldurinn.

Samhliða þessu sendi STEF, f.h. hópsins, bréf til bæði forsætisráðherra og mennta- og menningarmálaráðherra, þar sem farið er fram á margvíslegar aðgerðir til endurreisnar.

Á meðan flest lönd sem Ísland vill bera sig saman við boða risafjárframlög til menningar og hafa bætt tónlistarfólki að miklu leyti það tap sem það varð fyrir í faraldrinum, þá heyrst ekkert frá ríkisstjórn Íslands. Í nýútkominni skýrslu BHM kemur fram að mikill samdráttur hafi orðið í heildarlaunagreiðslum í menningartengdum atvinnugreinum síðustu ár og að faraldurinn hafi haft margfalt meiri áhrif á menningargreinar en aðrar atvinnugreinar. Störfum í menningargeiranum hefur fækkað t.d. um 25% frá árinu 2008.

Samráðshópurinn lagði til eftirfarandi aðgerðir:

- Beinn fjárhagslegur stuðningur til tónleikageirans svo bæta megi honum auðsjánlegt tekjutap.
- Beinn fjárhagslegur stuðningur til flytjenda, útgefenda og tónhöfunda til að bæta þeim tekjutap sitt í gegnum STEF og SFH.
- Umtalsverð styrking á Útflutningssjóði íslenskrar tónlistar (ÚTÓN), sem og rekstrarframlagi, auk þess sem samningur verði gerður þar um, en ÚTÓN er samningslaus sem stendur.
- Umtalsverð styrking á Hljóðritasjóði.
- Umtalsverð styrking á Tónlistarsjóði.
- Endurskipulagning og fjölgun listamannalauna, með það í huga að skipting milli listgreina endurspegli betur fjölda starfa í hverri listgrein, auk þess sem nauðsynlegt er að fjárhæð listamannalauna verði hækkuð í samræmi við almenna launaþróun.
- Fylgt verði eftir skýrslu nefndar um stofnun „Tónlistarmiðstöðvar“ og ákveðin skref stigin í átt að stofnun hennar.
- Endurgreiðsluhlutfall fyrir útgáfu hljóðrita á Íslandi verði hækkað í 35% (úr 25%), a.m.k. tímabundið.



Í framhaldi af þessu bréfi fengu fulltrúar hópsins fund með forsætisráðherra, þar sem farið var yfir stöðu tónlistargeirans í ljósi þess að enn væru samkomutakmarkanir og að geirinn hefði orðið fyrir meira tjóni en nokkur önnur atvinnugrein. Það voru því nokkur vonbrigði þegar örfáum dögum síðar var birt frumvarp til fjárlaga, þar sem tónlistargeirinn bar mjög skarðan hlut frá borði, en þrátt fyrir fögur fyrirheit var þar t.a.m. að finna lækkun á framlagi í Tónlistarsjóð, Útflutningssjóð íslenskrar tónlistar og í Hljóðritasjóð.

Samráðshópurinn brást skjótt við og sendi inn umsögn til fjárlaganefndar, þar sem gerðar voru athugasemdir við fjárlagafrumvarpið, auk þess sem bréf var sent til nýskipaðs Menningar-, ferða- og viðskiptaráðherra, Lilju Alfreðsdóttur, sem var kröftugt ákall um breytingar á fjárlagafrumvarpinu og um aðgerðir til endurreisnar tónlistargeirans.

Fulltrúar Samráðshópsins fengu í framhaldinu fund með ráðherranum og sendu henni í kjölfarið tillögur að úrræðum. Í bréfinu er m.a. ákall um að beinir styrkir verði greiddir til rétthafa tónlistar í gegnum STEF og SFH, í stíl við það sem gert hefur verið erlendis.

Ánægjulegt er annars að sjá að með nýrri skipan ríkisstjórnar og ráðuneyta virðist menningarmálum gert hærra undir höfði en áður og að nýr ráðherra hefur sagt að þau mál muni verða sett á oddinn hjá henni á kjörtímabilinu. Nú er að sjá hvað gerist á næstunni, en væntanlega verður fjárlagafrumvarpið afgreitt milli jóla og nýárs.

Daði Freyr hlaut Langspilið 2021

Í júní var *Langspilið – verðlaun STEFs* afhent í sjöunda skipti, en gripinn hlýtur sá höfundur sem STEF telur hafa skarað fram úr og náð eftirtektarverðum árangri á síðastliðnu ári. Verðlaunagripurinn er forlata langspil, sérstaklega smíðað ár hvert af völuðinum Jóni Sigurðssyni á Þingeyri.

Langspilið í ár hlaut **Daði Freyr Pétursson**. Hann vakti fyrst athygli er hann var valinn „rafheili ársins“ á Músiktilraunum 2012, þá með sveitinni RetRoBot. Daða skaut hins vegar upp á stjörnuhimininn þegar hann tók þátt í Söngvakeppni Sjónvarpsins með laginu *Hvað með það? (Is This Love?)*, sem hann flutti ásamt hljómsveitinni Gagnamagninu. Þau höfðu þá í öðru sæti á eftir Svölu Björgvinsdóttur, sem sigraði með lagið *Paper*.

Daði Freyr og Gagnamagnið tóku svo aftur þátt í keppninni árið 2020 og sigruðu þá með laginu *Think About Things*. Vegna COVID-19 heimsfaraldursins var Eurovision hins vegar ekki haldin það ár, í fyrsta sinn í 64 ára sögu keppinnar. Altalað var að lagið hefði átt mjög góðan sigurséns hefði keppnin farið fram. Í ár voru Daði og Gagnamagnið síðan fulltrúar okkar og tefldu nú fram laginu *Ten Years*. Endaði hópurinn í fjórða sæti, án þess þó að stiga fæti á sviðið sökum þess að upp kom COVID-smit í hópnum.

Þess má geta að lagið *Think About Things* sló í gegn á heimsvísu, var m.a. á lista Times yfir 10 bestu lög ársins 2020. Hefur laginu nú verið streymt yfir 100 milljón sinnum á Spotify. Laginu *10 Years* hefur einnig gengið vel, var nú í árslok komið með yfir 26 milljón streymi. Nýlega hélt Daði nokkra afar vel lukkaða og fjölmenna tónleika á Bretlandi. Þetta er frábær árangur og er Daði Freyr mjög vel að *Langspilinu* kominn.



Málþingið „Tónabíó“

Í nóvemberbyrjun var haldið hér á landi málþing fyrir kvikmynda- og tónlistariðnaðinn um samspil þessara listgreina og þá sérstaklega um framkvæmd tónsetningar í þáttum og kvikmyndum. Þingið var upphaflega skipulaggt samhliða Iceland Airwaves og var samstarfsverkefni ÚTÓN, STEFs, Tónlistarborgarinnar Reykjavíkur, RIFF, Kvmyndamistöðvar Íslands og SÍK.

Hingað komu sumir af helstu sérfræðingum heims á þessu sviði til að ræða við íslenska fagaðila í tónlist og kvikmyndum og kynna hvernig þessar greinar geta best unnið saman. Meðal þátttakenda voru Thomas Golubic, tónlistarráðgjafi m.a. fyrir þættina The Walking Dead og Breaking Bad, Tim Husom frá Redbird Music, sem var meðal annars umboðsmaður Jóhanns heitins Jóhannssonar, Alfons Karabuda, forseti ECSA (European Composer & Songwriter Alliance) og IMC (International Music Council), Steve Schnur, frá Electronic Arts leikjafyrirtækinu, einnig sem Óskarsverðlaunahafinn Hildur Guðnadóttir veitti af viskubrunni sínum og deildi reynslu.

Samhliða málþinginu var var höfundum boðið upp á persónulega „snarfundi“ með erlendum forleggjurum (e. publishers), sem hingað komu sérstaklega af þessu tilefni. Skemmst er frá að segja, að málþingið og fundahöldin þóttu gefa mjög góða raun.

Af einstökum fyrirlestrum má nefna erindi Alfons Karabuda um uppkaupsamninga (e. buy-out), þar sem hann taldi m.a. að ásókn framleiðenda og dreifingaraðila í að eignast öll réttindi tónhöfunda færi langt fram úr raunverulegri þörf þessara aðila til að geta dreift viðkomandi verkum. Með því að áseilast eignarhaldið væri einnig myndað gat í „virðiskeðjuna“, því ef verki gengur vel, þá njóta tónhöfundar og tónlistariðnaðurinn ekki lengur góðs af því. Í þessu sambandi taldi hann sérstaklega mikilvægt að huga að rétti höfunda til að nýta verkið í öðru samhengi en aðeins í tengslum við tiltekna kvikmynd eða sjónvarpsframleiðslu.

Alfons gat þess að samtökin sem hann fer fyrir, ECSA, hafi nýlega gefið út skýrslu um uppkaupsamninga, þar sem m.a. er útskýrt hvernig tónhöfundar geti reynt að forðast slíka samninga.

MÁLÞING UM TÓNLIST Í
KVIKMYNDUM

2. NÓVEMBER 9-16
NORRÆNA HÚSID

TÓNLISTARBORGIN REYKJAVÍK - RIFF
KVIKMYNDAMISTÖÐ ÍSLANDS
ÚTÓN - STEF - SÍK

TÓNABÍÓ
MÁLÞING UM TÓNLIST Í KVIKMYNDUM



THOMAS GOLUBIC - TIM HUSOM - ALFONS KARABUDA - HILDUR GUÐNADÓTTIR - STEVE SCHNUR - VALDÍS ÓSKARSDÓTTIR -
NANNA KRISTÍN MAGNÚSDÓTTIR - SILJA HAUKSDÓTTIR - JÓFRÍÐUR ÁKADÓTTIR - SIGURJÓN KJARTANSSON - HERDÍS
STEFÁNSDÓTTIR - ÞORVALDUR BJARNI - RAGNAR BRAGASON - HRÖNN KRISTINSDÓTTIR - VIKTOR ORRI ÁRNASON

MÁLÞINGSSTJÓRI: ANNA HILDUR HILDIBRANDSDÓTTIR

Fáeinir fréttamolar

Lágmarksupphæð lækkuð

Óvenju margir rétthafar fengu úthlutað í NCB/NMP-úthlutun í haust. Voru það þó í mörgum tilfellum mjög lágar upphæðir, mun lægri en venja er, svo mjög raunar, að það vakti sumum kátínu og spurningar á samfélagsmiðlum. Ástæðan er sú, að síðsumars tók stjórn STEFs þá ákvörðun að lækka lágmarksupphæð úthlutana og hreinsa þannig út úr kerfinu mörg þúsund mjög lágar upphæðir, sem verið höfðu í „biðstöðu“ og voru að íþyngja kerfinu.

Þjónustusamningur við Hörpu

Nýlega gerði STEF þjónustusamning við Hörpu, þess efnis að eftirleiðis sér Harpa um að innheimta höfundaréttargjöld beint af tónleikahöldurum og miðla þeim til STEFs, sem hefur í för með sér hagræði fyrir STEF og höfunda.

Tekið skal fram að tónleikahöldurum ber eftir sem áður að skila lagalistum til STEFs, svo hægt sé að glöggva sig á því hvaða höfundum féð er ætlað.

Nú sem fyrr er hins vegar tilefni til þess að hvetja höfunda til að tilkynna STEFi, viti þeir til þess að verk þeirra hafi verið flutt á tónleikum, jafnt í Hörpu sem annars staðar, því betur sjá augu en auga. Slíkar tilkynningar geta höfundar alltaf sent í gegnum „Mínar síður“.

Tónsetning fyrir minni verkefni

„Tónsetning“ er það kallað, þegar tónlist er skeytt saman við mynd. Við tónsetningu ber að huga að réttindum höfunda og þurfa framleiðendur að afla leyfis til notkunar.

Til að koma til móts við síauknar óskir fyrirtækja og einstaklinga um leyfi vegna smærri verkefna, þá hóf STEF nýlega að bjóða uppá slík tónsetningarleyfi gegn hóflegu gjaldi. Sem dæmi um smærri verkefni má nefna fyrirtækjakynningar, verkefni í fræðslustarfsemi, listverkefni eða önnur minni verkefni, sem flokkast ekki beinlínis til sjónvarps- eða kvikmyndaframleiðslu.

Nánar má fræðast um tónsetningarleyfi á vefsvæði STEFs.

Fulltrúaráðskosningar 2022

Senn líður að næstu kosningum til fulltrúaráðs, sem haldnar eru á tveggja ára fresti. Þær fara fram í mars, en í janúar verður auglýst formlega eftir framboðum. Í millitíðinni hvetjum við áhugasama rétthafa til að huga að framboði.

Aðalúthlutun 2021

Heildarúthlutun á árinu jókst lítillega frá því í fyrra, einkum vegna þess að erlendar tekjur jukust á milli ára, sér í lagi hafa streymistekjur aukist til muna, sem m.a. má rekja til skilvirkari innheimtu í kjölfar innheimtusamnings STEFs við Polaris Hub í fyrra.


Hins vegar var u.þ.b. 20% lækkun á heildartekjum innanlands og því lækkar aðalúthlutun 2021 sem því nemur á milli ára. Munar verulega um tekjulækkun af s.k. bakgrunnstónlist, sem er bein afleiðing af neikvæðum áhrifum COVID á ýmiss konar rekstur, einkum samkomuhús o.þ.h. Væri raunar nær að tala um hrun en lækkun í þessum flokki, því samdráttur í bakgrunnstekjum milli ára nam ríflega 53%.

Bakgrunnstekjur eru að miklu leyti tengdar opinberum flutningi á óskilgreindri tónlist, þ.e.a.s. flutningi sem ekki er skjalfestur og því ekki hægt að úthluta fyrir samkvæmt spilunarskýrslum, líkt og gert er vegna spilunar í útvarpi, sjónvarpi eða á streymisveitum. Bakgrunnstekjur höfðu farið vaxandi undanfarin ár, eftir því sem rekstraraðilum fjölgaði (t.d. veitingahúsum, verslunum o.s.frv). Þessum tekjum er að stórum hluta bætt ofan á tekjur af útvarps- og sjónvarpsflutningi og úthlutað í samræmi við viðeigandi spilunarskýrslur. En það er kunnara en frá þurfi að greina, að COVID-faraldurinn hefur valdið fjölmörgum rekstraraðilum miklu tjóni – og þ.a.l. höfundum einnig.

Vert er að minna á að „aðalúthlutun“ hefur verið tvískipt frá árinu 2018 (áður var hún aðeins ein, í desember). Fyrri hluti aðalúthlutunar er greiddur út miðsumars og því núorðið einnig þekktur sem „miðsumarsúthlutun“. Sú úthlutun var hærri í ár en áður, m.a. í því skyni að létta undir með rétt höfum í COVID-þokunni. Nam miðsumarsúthlutun 66 milljónum í ár, en var 30 milljónir í fyrra. Desemberúthlutunin í ár er því hlutfallslega lægri nú en í fyrra, en auk þess hefur fyrrnefndur innlendir tekjusamdráttur áhrif til heildarlækkunar.

Að öðru leyti má þess geta að tekjur af tónleikahaldi héldu áfram að rýrna á milli ára, en áður höfðu þær rýrnað um 80% á milli áruna 2019 og 2020. Það má því segja að um hamfarahrún sé að ræða í þeim tekjuflokki undanfarin misseri.

Hér að neðan gefur að líta yfirlit sem sýnir innlendir úthlutanir á árinu 2021



**Starfsfólk STEFs þakkar samskiptin á árinu
2021 og óskar meðlimum gleðilegra jóla og
farsældar á komandi ári.**